Hagsjá – Erlendir markaðir

Hagfræðideild Landsbankans
25. júlí 2017

Gengi evru gagnvart dal á leið í 1,20?

Á fimmtudag var vaxtaákvörðunarfundur Seðlabanka Evrópu. Bankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum en eftir fund Draghi seðlabankastjóra með fréttamönnum fór gengi evru að styrkjast.

Búist við minni örvunaraðgerðum

Bankastjórinn gaf til kynna afturhvarf til hefðbundinnar peningamálastefnu (e. monetary policy normalization) og margir markaðsaðilar vænta þess nú að það styttist í að bankinn byrji að draga úr örvunaraðgerðum, nánar tiltekið kaupum á skuldabréfum ríkja evrusvæðisins.

Aðilar á markaði telja að Seðlabankinn gæti jafnvel tilkynnt um það eftir næsta fund bankans í september eða eftir fundinn í desember.

EURUSD krossinn upp fyrir 1,1450

Gengi evru gagnvart Bandaríkjadal hefur hækkað upp fyrir 1,1450 dali fyrir hverja evru, sem var mikilvægt viðnámsgildi. Verði væntingar á markaði áfram í sömu veru, og takist skiptigenginu að halda sér fyrir ofan fyrrnefnt gildi næstu daga, gætum við séð frekari hækkanir þess á komandi vikum eða mánuðum - mögulega upp í 1,20 eða hærra.

Skiptigengið hefur hækkað um 10,7% á árinu og hefur ekki verið jafn hátt síðan í byrjun árs 2015, m.v. dagslokagengi.

Ríkisskuldabréf verðlögð út frá vöxtum

Vextir liggja til grundvallar ávöxtunarkröfu allra skuldabréfa. Krafa ríkisskuldabréfa er ekki bara góður mælikvarði á núverandi vaxtastefnu eða vaxtastig landa/seðlabanka, heldur endurspeglar hún líka væntingar markaðsaðila um stefnu vaxta í framtíð og áætlaða tímasetningu vaxtabreytinga.

Þar sem krafa á skuldabréfamarkaði byggir á vöxtum, er vanalega nokkuð sterkt samband milli ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa og gengis gjaldmiðla.

Skiptigengi evru og Bandaríkjadals



Heimild: Thomson Reuters, Hagfræðideild.
Síðasta dagsetning er 21. júlí.

Krafa 10 ára bandarískra ríkisskuldabréfa



Heimild: Thomson Reuters, Hagfræðideild.
Síðasta dagsetning er 21. júlí.

Krafa 10 ára þýskra ríkisskuldabréfa



Heimild: Thomson Reuters, Hagfræðideild.
Síðasta dagsetning er 21. júlí.

Enn dregur úr kröfumun ríkisskuldabréfa

Við höfum áður bent á að kröfumunur (e. yield spread) á skuldabréfum ríkja, og sérstaklega breytingar á muninum, eru einn af helstu drifkröftum á gjaldeyrismarkaði.

Ávöxtunarkrafa 10 ára bandarískra ríkisskuldabréfa er og hefur verið lengi töluvert hærri en krafa sambærilegra bréfa í Þýskalandi.

Á árinu hefur krafa bréfanna vestanhafs lækkað en krafa þýskra bréfa hækkað. Því hefur dregið verulega úr kröfumuninum, bandarískum bréfum í óhag en þýskum í vil. Sú þróun hefur átt stóran þátt í hækkun EURUSD krossins það sem af er ári.

Síðustu daga hefur krafa bréfa í báðum löndunum lækkað. Engu að síður hefur munurinn á ávöxtunarkröfu þeirra minnkað frekar og stendur nú í um -1,74 prósentustigum eða -174 punktum (e. basis points, bps).

Heimild: Thomson Reuters, Hagfræðideild.
Síðasta dagsetning er 21. júlí.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.